

# GJALDSKRÁ

## Vatnsveitu Dalvíkur.

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Dalvíkur er byggð á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga, ásamt síðari breytingum og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

### 1. gr.

#### *Vatnsgjald.*

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarsjóðs.

### 2. gr.

#### *Stofn til álagningar vatnsgjalds.*

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,30% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

### 3. gr.

#### *Gjalddagar.*

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

### 4. gr.

#### *Aukavatnsgjald.*

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, greiða auka-vatnsgjald sem hér segir:

Aukavatnsgjald	kr./m <sup>3</sup>
fyrstu 100.000 m <sup>3</sup>	17,67
100.000 - 250.000 m <sup>3</sup>	16,03
eftir 250.000 m <sup>3</sup>	14,62

Aukavatnsgjald skal innheimta samkvæmt mæli sem Vatnsveita Dalvíkur leggur til.

### 5. gr.

#### *Mællaleiga.*

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu á tveggja mánaða fresti greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

Stærð mælis	Mælagjald í kr. á dag
að 32 mm	9,46
40 mm	11,02
50 mm	19,88
75 mm	26,51
100 mm	47,86

### 6. gr.

#### *Heimæðagjald.*

Þvermál inntaks	Inntaksgjald	Yfirlengd
25 mm	141.797	6.302 kr./m
32 mm	204.817	6.302 kr./m
40 mm	259.961	6.302 kr./m
50 mm	346.614	6.302 kr./m

Þvermál inntaks	Inntaksgjald	Yfirlengd
63 mm	488.411	6.302 kr./m
75 mm	693.228	6.302 kr./m
90 mm	1.024.087	6.302 kr./m

Yfirlengd reiknast af heimaug sem er lengri en 20 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðar 110 mm og víðari greiðast samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 478,8 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

7. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gjalda.*

Eiganda fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds, en notandi, ef hann er annar en eigandi, ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsgjalda og leigugjalda. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 9. gr. laga nr. 32/2004. Vatnsgjald og heimæðargjald, ásamt vöxtum og áföllum kostnaði, nýtur lögveðsréttar í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Aukavatnsgjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, staðfestist hér með samkvæmd 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Dalvíkurbyggð, 9. febrúar 2009.*

**Svanfríður Inga Jónasdóttir** bæjarstjóri.